

**Sp.**

**294. Fyrirspurn**

[209. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu starfsmanna á vernduðum vinnustöðum gagnvart stéttarfélagum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Eru einhver brögð að því að starfsfólk á vernduðum vinnustöðum fái ekki inngöngu í stéttarfélag?
2. Samrýmist það lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum, og lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, ef slíkt viðgengst?
3. Telur ráðherra þörf á að beita sér fyrir því að starfsmenn á vernduðum vinnustöðum njóti félagslegra réttinda til jafns við aðra launþega?